

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

<b>Dagsetning:</b>	5. ágúst 2022
<b>Svið:</b>	Velferðarsvið
<b>Unnið af:</b>	Kristjana Gunnarsdóttir
<b>Verkefni/tillaga:</b>	Stofnun stýrihóps um mótun virknistefnu
<b>Þjónustupáttur:</b>	Einstaklingar sem hafa mætt hindrunum í atvinnuleit, námi, þjálfun og þurfa á þjónustu velferðarsviðs að halda.
<b>Stofnun/kostn.st.:</b>	Liggur ekki fyrir. Hlutverk stýrihópsins er að leggja fram kostnaðarmetnar tillögur.
<b>Fjárhæð:</b>	
<b>Annað:</b>	

### Jafnréttisskimun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um að skipaður verði stýrihópur til að gera drög að nýrri heildstæðri virknistefnu Reykjavíkurborgar í málefnum einstaklinga sem mæta hindrunum í atvinnuleit og virkni og þurfa á þjónustu velferðarsviðs að halda. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni (störf, nám, þjálfun) og heilbrigði til að stuðla að aukinni þátttöku og virkni í samfélaginu. Stefnan er unnin í samráði við notendur.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Já. Tillagan á að taka tillit til þjónustuparfa þess fjölbreytta hóps sem þarf á stuðningi velferðarsviðs að halda m.t.t virkni s.s. atvinnuþátttöku, náms og þjálfunar. Horft er til tölfræðigreininga á notendahópi velferðarsviðs s.s. með tilliti til kyns, aldurs, stöðu og þjóðernis.
<b>Hvaða hópa snertir tillagan?</b>
Hópa sem hafa mætt hindrunum í atvinnuleit og virkni og þurfa á þjónustu velferðarsviðs að halda m.a. fjárhagsaðstoðar til framfærslu.
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.</b>
Tillagan bætir þjónustu við fyrrnefndan hóp sem m.a. þarf að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins til langs tíma.
<b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup></b>

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu

Ekki er talin þörf á jafnréttismati. Góð töfræði, rannsóknir og greiningar liggja fyrir í málaflokknum,